

Alþingi
Erindi nr. P 130/2448
komudagur 14.5.2004

Minnisblað um orkuspár

**Til iðnaðarnefndar
Frá Orkustofnun**

Raforkulög

Í 3. mgr. 9. gr. raforkulaga segir að í rekstri flutningskerfis felist m.a. að sjá til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins.

Í athugasemd með ákvæðinu í frumvarpi því sem varð að raforkulögum segir:
“Í 5. tölul. er kveðið á um að flutningsfyrirtækið sjái til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Spá um raforkuþörf er til þess ætluð að fyrirtækið geti sem best sinnt flutningshlutverki sínu. **Orkuspár geta áfram verið í höndum orkuspárnefndar og Orkustofnunar.**”

Í raforkulögum er einungis fjallað um raforkuspár en eðlilega ekki um aðrar orkuspár. Því væri að mínu mati óeðlilegt að í þau lög kæmu ákvæði um orkuspár almennt. Bent hefur verið á nokkuð misræmi á milli lagaákvæðis og athugasemda með því. Þó verður að hafa í huga að kerfisstjórnun mun vinna sínar spár, sjálfstætt eða upp úr raforkuspá orkuspárnefndar og útfæra þær eftir þörfum. Eins verður væntanlega með aðrar spár að hagsmunaaðilar og notendur þeirra munu vinna áfram með þær spár sem orkuspárnefnd vinnur eins og verið hefur.

Lög um Orkustofnun

Í 3. tl. 2. gr. laga um Orkustofnun segir að eitt hlutverka stofnunarinnar sé að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings,

Í 4. tl. sömu greinar segir: “að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðræna auðlinda landsins og hafsbotsins”

Í athugasemd með ákvæði því sem varð að 2. gr. laganna segir: “Í 4. tölul. 1. mgr. er ákvæði sem er að mestu leyti í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. orkulaga. Samkvæmt þessum lið frumvarpsins er Orkustofnun ætlað að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins. **Þetta hlutverk hefur verið rækt m.a. með því að gera orkuspár. Eðlilegt er að Orkustofnun hafi á hverjum tíma vissa framtíðarsýn um notkun og nýtingu orkulindanna.** Í 39. gr. frumvarps til raforkulaga sem lagt var fram á þessu þingi er ákvæði um gerð raforkuskýrslu. Umrætt verkefni Orkustofnunar tengist m.a. þessu ákvæði frumvarpsins.”

Orkustofnun er samkvæmt framangreindu ætlað að vinna að gagnaöflun og áætlanagerð, og a.m.k. er gert ráð fyrir því að stofnunin standi að orkuspám, (raforkuspá, hitaveituspá, eldsneytisþá...) þó þær séu ekki nefndar sérstaklega sem hlutverk eða verkefni nema í athugasemd. Líklega þarf að skýra ábyrgð á gerð spánna frekar en gert er í gildandi lögum og hnykkja á hlutverki Orkustofnunar varðandi orkuspár í lögum um stofnunina. Það virðist þó ekki aðkallandi að það gerist fyrir þinglok nú í vor.

Lagt er til að í nefndaráliti iðnaðarnefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum verði tæpt á orkuspám, t.d. með eftirfarandi hætti: “Bent hefur verið á að misræmis gæti í raforkulögum og athugasemd með frumvarpi því sem að lögunum varð um ábyrgð á gerð og framkvæmd orkuspáa. Iðnaðarnefnd telur ljóst að ábyrgð á gerð orkuspáa sé og eigi að vera Orkustofnunar í samræmi við lög um Orkustofnun. Kerfisstjórinn komi að gerð raforkuspár með öflun gagna og aðild að orkuspárnefnd en standi svo að útfærslu raforkuspár til eigin nota. Aðrir hagsmunaaðilar standi með sama hætti að gerð og útfærslu annarra spáa.”